



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@mvv.is

Fundargerð. Skipulags- og umhverfisnefnd.

13. fundur.

Haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps mánudaginn 20. febrúar kl. 10:00. Mættir: Kristján Stefánsson í forföllum Margrétar Hólm Valsdóttur, Karl Emil Sveinsson, Birgir Steingrímsson, Eyrún Björnsdóttir. Pétur Snæbjörnsson boðaði forföll. Einnig mætti til fundarins Bjarni Reykjalín. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Varaformaður setti fund og bauð menn velkomna og sérstaklega Bjarna Reykjalín nýjan skipulagsfulltrúa.

2. Erindi frá Þórhalli Kristjánssyni, ósk um breytingu á aðalskipulagi.

Óskað er eftir að 5,9 ha. svæði í kringum Sandatún í eigu Bjarkar verði skilgreint sem ferðaþjónusta og frístundasvæði. Hugmyndin er að tjaldgisting í Vogum færist að mestu á Sandatúnin og að gistiskálar fyrir svefnpokagistingu verði settir þar við hraunjaðarinn. Skipulagsnefnd bendir viðkomandi á að nú þegar er inni á aðalskipulagsupprætti svæði ofan íbúðabyggðar í Vogum, austan þjóðvegur skilgreint til þessara nota.

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að hafna framkominni ósk. Viðkomandi er bent á að eftir sem áður er hægt að gera athugasemd við aðalskipulagið á auglýsingatíma þess.

3. Verndaráætlun.

Fyrir fundinum liggja drög að tillögu um verndaráætlun fyrir Hverfjall/Hverfell, unnin af Umhverfisstofnun.

Nefndin felur nýjum skipulagsfulltrúa að hafa samband við Umhverfisstofnun og fara yfir málið.

4. Framkvæmdaáætlun v/endurnýjunar á hitaveitu.

Lögð fram tillaga að framkvæmdaáætlun fyrir hitaveituna til næstu fjögurra ára, en Karli, Pétri og Jóni Óskari hafði verið falið að koma með tillögur.

Ýmislegt rætt. Karli falið að gera breytingu á áætluninni í samræmi við umræðuna á fundinum og leggja fyrir sveitarstjórn.

5. Önnur mál.

Rætt um umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið og menn sammála um að halda vinnufund 29. feb. n.k.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Eyrún Björnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Birgir Steingrímsson,
Karl Emil Sveinsson.